

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs 6. feb. 2019.

Fundur haldinn kl. 17.00 í Lykkju í Borgartúni 12-14

Mættir: Líf Magneudóttir, formaður, Þorvaldur Örn Árnason, Margrét Pálsdóttir, Þórður Ingi Bjarnason, Guðfinnur Sigurvinsson, Sigurgestur Gíslason, Guðmundur Grétar Karlsson og Andri Steinn Hilmarsson.

Einnig sátu fundinn René Biazzone og Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Reykjanes Geopark

Daníel Einarsson forstöðumaður Reykjanes Geopark og Þuríður Aradóttir forstöðumaður Markaðsstofu Reykjaness komu á fundinn og kynntu Reykjanes Geopark. Rætt um ýmsa snertifleti við fólkvanginn sem skoða mætti betur t.d. landvörslu.

Samþykkt að ræða frekar mögulega fleti á samvinnu á sérstökum fundi.

2. Krýsuvíkurborg, deiliskipulagslýsing

Vísað í bréf Hafnarfjarðar dags. 12. des. 2018 til stjórnar fólkvangsins þar sem óskað er umsagnar fólkvangsins um lýsingu fyrir nýtt deiliskipulag við Krýsuvíkurborg. Lögð fram umsögn fólkvangsins dags. 10. jan 2019.

3. Vöktun lúpínustaða í Reykjanesfólkvangi

Lögð fram að nýju skýrsla um vöktun lúpínustaða í Reykjanesfólkvangi 2013-2018 sem Sjálfbærliðasamtök í náttúruvernd hafa sinnt. ÞÖÁ reifaði aðgerðir sem farið hefur verið í og hvað þyrfti að gera til að halda lúpínu í skefjum. Stjórnin var sammála um að mikilvægt væri að halda áfram aðgerðum til að sporna við útbreiðslu og ræddar voru mögulegar leiðir.

ÞJ falið gera drög að aðgerðaráætlun.

4. Kynningarmál og vefsíða

Rætt um vefsíðu fólkvangssins, reykjanesfolkvangur.is, sem ekki hefur verið uppfærð.

LM falið að skoða og gera tillögu að endurskoðun á fyrirkomulagi síðunnar.

5. Skilti í Seltúni

Kynnt að Hafnarfjörður hyggist skipta um fræðsluskilti í Seltúni.

Næstu fundir 27. feb, 20. mars, ferð í maí

Fundi slitið kl. 18:55